

## FUNDARGERÐ

### 74. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn þriðjudaginn 19. október 2010 kl. 15:00-16:30, í húsnæði H.Í., Bolholti 6, Reykjavík.

Fundinn sátu: Steinunn Helga Lárusdóttir formaður, Gretar L. Marinósson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir (sem ritaði fundargerð). Ekki tókst að boða Almar M. Halldórsson.

Tekið var fyrir:

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerðin var samþykkt með smávægilegum lagfæringum.
2. **Tímaritið.** Úr ritnefnd ættu nú að ganga Kristján Kristjánsson, Sif Einarsdóttir og Þórdís Þórðardóttir, en þau hafa öll samþykkt að sitja eitt ár enn. Einn fulltrúa frá KÍ vantar enn inn í nefndina. Ákveðið var að leita til nokkurra aðila á Menntavísindasviði um að taka að sér ritstjórn þegar Gretar L. Marinósson hættir í því starfi, en ef það gengur ekki, þarf að auglýsa. Ákveðið var að senda gíróseðla fyrir félagsaðild með tímaritinu næst.
3. **Vefmál.** Rætt var um innihald vefs félagsins. Edda Kjartansdóttir hjá SRR hefur haldið utan um vefinn og óskar eftir að stjórnin ákveði hvaða efni fari þangað. Hún hefur þegar unnið þær 50 stundir sem upphaflega var samið um. Ákveðið var að fara fram á að hún vinni 20 stundir í viðbót við vefinn.
4. **Framkvæmdaáætlun næsta árs.** Ákveðið var að halda námskeið um EndNote og NVivo nú í haust. Formanni var falið að athuga möguleika á að halda málþing í vor, t.d. um starfendarannsóknir eða spurningar sem varða rannsóknastarfsemi í menntamálum.
5. **Önnur mál.** Ákveðið var að halda næsta fund 9. nóvember kl. 14:30.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.